



Starfsreglur fyrir Framtíðarnefnd Landsbankans hf.

Samþykkt útgáfa september 2015 | Endurskoðun 2016 | Bankaráð

Starfsreglur fyrir Framtíðarnefnd Landsbankans hf.

1 SKIPUN OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL BANKARÁÐS

Hlutverk undirnefnda bankaráðs Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er að aðstoða bankaráð við að sinna verkefnum sem því eru falin samkvæmt lögum. Bankaráð skipar undirnefndirnar og starfa þær í umboði þess. Undirnefndirnar taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir fyrir hönd bankans eða bankaráðs. Undirnefndirnar hafa ekki áhrif á hlutverk og ákvörðunarvald bankaráðs, daglegra stjórnenda bankans og nefnda innan bankans.

Framtíðarnefnd er undirnefnd bankaráðs Landsbankans hf.

Bankaráð skipar nefndina og í henni sitja fjórir bankaráðsmenn. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður bankanum og daglegum stjórnendum hans.

Formaður nefndarinnar skal reglulega gera bankaráði grein fyrir störfum nefndarinnar, svo og þegar einstök mál koma til umræðu á bankaráðsfundi, hafi þau verið rædd í nefndinni. Nefndin skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf sín. Þá skal nefndin veita bankaráði ráðgjöf um málefni sem tilgreind eru í þessum starfsreglum.

Bankaráðsmenn skulu hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar í skjalastjórnunarkerfi bankans. Fundargögn frá nefndinni eiga að vera aðgengileg bankaráðsmönnum tímanlega fyrir bankaráðsfundi. Slíkar upplýsingar skulu jafnframt vera til staðar þegar þörf er á þeim og vera eins uppfærðar og nákvæmar og unnt er.

2 FUNDIR

Nefndin skal funda eftir þörfum, en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

3 HLUTVERK

Hlutverk Framtíðarnefndar er að vanda undirbúning bankaráðs fyrir umræðu og ákvarðanatöku um framtíðarsýn og stefnumörkun Landsbankans til lengri tíma. Helstu verkefni nefndarinnar eru m.a. að fjalla um og undirbúa, í samvinnu við bankastjóra, umræðu bankaráðs um stefnumótun bankans og innleiðingu hennar, forgangsroðun meginverkefna, rekstrarumhverfi bankans og viðskiptaáætlun.

Þannig samþykkt á bankaráðsfundi Landsbankans hf. þann 17. september 2015.